

Reykjavík 21.nóv 2017



GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS

Til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði

Erindi: Yfirlýsing um vilja til framhalds á samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

Samtökin *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF)* lýsa yfir vilja til að vinna áfram með Hafnarfjarðarbæ og hafnfirskum stofnunum að því að græða upp land á Vistvangi og víðar.


Tæplega tvö ár eru að baki frá því að hafist var handa á Vistvangi og hafa mál æxlast eins og ráð var fyrir gert. Það er trú GFF að aðgerðir af þessu tagi, á þessum slóðum, muni auka orðspor bæjarins sem ábyrgs aðila er kemur að umhverfismálum.

Samtökin gera ráð fyrir að samskonar fyrirkomulag verði á komandi ári og verið hefur. Umtalsvert magn af hrossataði verði flutt á vegum bæjarins suður eftir þar sem GFF tekur við því. Samtökin sjá svo til þess að það gagnist landinu og uppgræðslu hafnfirskra skólanemenda úr grunn- og framhaldsskólum.

Nú eru 3 hafnfirskir skólar í virku samstarfi við GFF á Vistvangi; Flensborg, Setbergsskóli og Víðistaðaskóli. Á komandi ári er ætlunin að bæta við tveimur hafnfirskum skólum og áður en langt um líður muni allir grunnskólar í Hafnarfirði eiga sér sess þar suður frá.

Innan skamms fer í gang vinna sem lýtur að því útbúa upplýsingaskilti sem ætlunin er að setja upp þar suður frá næstkomandi vor. Í maí verða hafnfirsku skólarnir í leiðöngrum þangað suður eftir og því væri við hæfi að efna til smá viðburðar með nærveru hafnfirskra skólabarna þegar skiltið verður afhjúpað.

Með kveðju:



Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF